

VELKOMIN HEIM

Sýning Íslenska dans-
flokksins er rokkkonsert
með gógóðönsurum

Bls. 4



DAGUR Í LÍFI RASSHÁRS

Dr. Gunnir fór að sjá Sannleika
Péturs Jóhanns

Bls. 6

febrúar 2009

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]



Án titils, blek á pappír, 1987.

Elsku DRENGURINN MINN

Á fimmtudagskvöld opnaði Listasafn Reykjavíkur stóra sýningu í Hafnarhúsinu sem gefur yfirlit yfir feril Alfreðs Flóka myndlistarmanns. Sýningarstjóri er Sjón sem á unglingsárum settist við fótiskör meistarans og endurgeldur nú gamla skuld en Flóki var forgöngumaður um súrrealisma og mystík í íslenskri myndlist.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Hugmynd almennings nú á dögum um fyrirbærið Flóka er bundin við verk hans, penna og kolateikningar sem eru víða til á íslenskum heimilum. Sú ímynd sem hann skóp af sjálfum sér í blaðaviðtölum og opinberri framgöngu er enn í minnum höfð: orðsnjall, myndin, sjálfhælinn og einstakur var hann í ímyndarsköpun sinni á opinberum vettvangi. Í persónulegri viðkynningu var allt þetta líka en þar fór einstaklega ljúfur drengur, tryggur vinum sínum, sjálfstæður maður með djúpa þekkingu á menningu álfunnar með rætur aftur í borgir Evrópu sem mátti ekkert aumt sjá og vildi öllum vel. Gæska hans var á skjön við þann dulda heim grímdar, losta og lystisemda sem hann átti svo auðvelt með að skissa upp í formfastri byggingu flatarins sem var akurinn sem hann þældi ár og síð með hvíldarárum á sumum skikanna.



Sjálfsmynd, rauðkrit, 1958.

Borgarselskapurinn sem Flóki var sprottinn úr var eftirstríðsárafyrirbæri, sama menningardeildin og Jökull

Jakobsson dró upp á sviðið og vann úr: stórisar, útsaumaðir púðar, þröngsýni í flestum efnum með tilheyrandi bælingu og brotum. Flóki elskaði að storka þessari settlegu veröld, sat á ystu nöf og hló dátt, hátt og í hljóði eftir því sem færi gafst: gat það verið að þessi passfuklippti snyrtipinni byggði með tveimur konum og nyti þeirra beggja – jafnvel í senn? Magabeltakynslóðin hryllti sig undir gullrömmuðum landslagmálverkunum og lagði Moggann sinn frá sér með höfuðið fullt af ósiðlegum lostaríkum órum þegar hann bjó þá skyndimynd til. Þá mynd dró Flóki upp í hugum betra selskapsins í henni Reykjavík skömmu eftir 1960 og hló að dárlega.

Hláturinn var enda hans helsta lífsmagn. Fáir menn voru skemmtilegri en hann og því var hann vinamargur, svo ólíkur sem sá söfnuður var sem sótti

Framhald á bls. 2